

Fyrirspurn til bæjarstjóra

Frá bæjarfulltrúum Vina Kópavogs

Með vísun í reglur Kópavogsbæjar um úthlutun á byggingarrétti fyrir íbúðarhúsnæði til lögaðila og reglur Kópavogsbæjar um úthlutun á byggingarrétti fyrir íbúðarhúsnæði til einstaklinga (til eigin nota) hvort tveggja samþykkt í bæjarstjórn 25. nóvember 2014 er spurst fyrir um eftirfarandi:

1. Hve mörgum íbúðum hefur verið úthlutað á hverju ári á þróunarsvæðum á Kársnesi og Digranesi frá 25. nóvember 2014?
2. Hve mörgum íbúðum hefur verið úthlutað á sama árabili á Kársnesi og Digranesi utan þróunarsvæða?
3. Hvernig hefur byggingarrétti verið úthlutað á þróunarsvæðum á Kársnesi og í Digranesi frá setningu úthlutunarreglnanna? Er í því sambandi sérstaklega vísað til 10.gr. reglnanna um að allar lóðir skuli auglýstar á vefsíðu Kópavogsbæjar og reglna 7. gr. um að gæta skuli jafnræðis við afgreiðslu umsókna.
4. Hversu mörg dæmi eru um, og hvar, að byggingarréttur lóða sé boðinn upp sbr. 15.gr úthlutunarreglna? Hver er reynslan af því fyrirkomulagi?
5. Hversu mörgum sérbýlislóðum til eigin nota hefur verið úthlutað á ofangreindum svæðum á tímabilinu? Hefur ásókn í einbýlishúsalóðir verið umfram framboð?
6. Hversu margir samningar, og um hvaða reiti, hafa verið gerðir við framkvæmdaraðila/landeiganda sem heimila þeim að gera á sinn kostnað tillögu að deiliskipulagi á grundvelli 38.gr. 2. mgr. skipulagslaga?

Kópavogi 15. Júlí 2022

Helga Jónsdóttir

Kolbeinn Reginsson